

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar  
Borgatúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 19. ágúst 2024  
UST202407-299/A.B.  
10.04.02

## Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 - Kjalarnes og dreifbýl svæði

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar er barst 18. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 fyrir Kjalarnes og dreifbýl svæði.

Í greinargerð kemur fram að grundvallar markmið væntanlegra tillagna sé að skerpa á ákvæðum um þróun byggðar á Kjalarnesinu og stuðla að breytingum sem efla byggð, mannlíf og náttúru á svæðinu. Í aðalskipulaginu segir að mikilvægt sé að virða sérstöðu Kjalarness sem landbúnaðar- og dreifbýlissvæði og skapa þannig fjölbreyttari búsetukosti innan borgarinnar, auk þess að stuðla að því að Grundarhverfi verði sjálfbær þéttbýliskjarni.

### Endurheimt vistgæða, náttúruvernd og kolefnisspor opins lands

Í umhverfismati í kafla 5.4. fjalla matsspurningar margar hverjar um hvort landnýting mun rýra eða raska náttúru. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að matsspurningar í umhverfismati snúi að endurheimt, náttúruvernd og líffræðilegum fjölbreytileika. Sem dæmi: *Mun áætlunin endurheimta votlendi? Stuðlar breytingin að líffræðilegum fjölbreytileika? Leiða breytingarnar til þess að búsvæði fugla stækki? o.s.frv.*

### Landslag og ásjúnd

Umhverfisstofnun hvetur sveitarfélagið að meta hvort landslag og ásjúnd ætti að vera sér umhverfisþáttur í umhverfismati.

### Náttúruminjaskrá og loftslagsmál

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að náttúruminjaskrá og aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum séu viðmið í umhverfismatsskýrslu.

### Starfsleyfi

Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunni hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun, eða heilbrigðisnefnd, til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist

skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

### **Pauleldi á Kjalarnesi**

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að marka eigi sérstök ákvæði um þauleldi í aðalskipulaginu og skipta eigi upp landbúnaðarsvæðinu í tvo megin flokka, hefðbundinn landbúnað og þauleldi. Umhverfisstofnun telur æskilegt að hugað sé að því að ósamræmanleg landnotkun sé ekki skipulögð hlið við hlið, t.d. þauleldi og landnotkun sem getur orðið fyrir áhrifum af lykt frá þauleldi (t.d. íbúðarbyggð, samfélagsþjónusta, frístundabyggð og íþróttasvæði).

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

***sérfræðingur***